

Ed.

538. Frumvarp til laga

[195. mál]

um eftirlaun ráðherra.

Flm.: Eggert G. Þorsteinsson, Björn Jónsson.

1. gr.

Ráðherrar skulu greiða í lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins 4% — fjóra af hundraði — af ráðherralaunum sínum, eins og þau eru á hverjum tíma. Skal upphæðin dragast frá launinum mánaðarlega og greiðast sjóðnum ásamt mótframlagi, er greiðist úr ríkissjóði, að upphæð 6% — sex af hundraði — af mánaðarlega greiddum ráðherralaunum. Ráðherrar skulu vera í sérstakri deild innan lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins með sérstöku reikningshaldi. Þátttaka í ráðherradeild sjóðsins hefur ekki áhrif á rétt né skyldu ráðherra til að vera í öðrum deildum sjóðsins. Ráðherrar njóta að öðru leyti sömu réttinda og bera sömu skyldur og aðrir sjóðfélagar, meðan þeir gegna ráðherraembættum, nema annars sé getið í lögum þessum.

2. gr.

Þegar maður hefur látið af ráðherraembætti og er 65 ára eða eldri eða öryrki, á hann rétt á eftirlaunum úr sjóðnum eftir þeim reglum, sem fyrir er mælt í 3. gr. þessara laga. Þetta gildir um alla núverandi og fyrrverandi ráðherra, sem á lífi eru, þegar lög þessi öðlast gildi. Þegar talað er um öryrkja í lögum þessum, er átt við 75% sannaða örorku eða meira. Heimilt er þó stjórn sjóðsins að ákveða, ef sérstaklega stendur á, að greiða skuli fyrrverandi ráðherra, sem aflað hefur sér eftirlaunaréttar samkvæmt lögum þessum, hluta af eftirlaunum hans, en aldrei meira en 50% eftirlaunanna, þótt örorka hans nái ekki 75%.

3. gr.

Fyrrverandi ráðherra, sem uppfyllir ákvæði 2. gr. laga þessara, á rétt á eftirlaunum sem hér segir: Fyrir að hafa gegnt ráðherraembætti í 5—8 ár samanlagt 40% — fjörutíu af hundraði. Fyrir að hafa gegnt slíku embætti í 8—12 ár samanlagt 60% — sextíu af hundraði. Nú hefur maður gegnt ráðherraembætti samtals lengur en í 12 ár, og á hann þá rétt á 2% — tveimur af hundraði — hækkun á eftirlaun sín fyrir hvert ár, sem hann hefur gegnt embættinu fram yfir 12 ár, þó aldrei hærri eftirlaunum en 70% — sjötíu af hundraði.

Hundraðshluti miðast við laun ráðherra, eins og þau eru á hverjum tíma. Upphaf og lok starfs sem ráðherra miðast við fyrsta dag næsta mánaðar, eftir að hann tekur við embætti, fær lausn frá störfum eða andast. Brot úr ári, sem nær ekki 6 mánuðum, fellur niður, en brot úr ári, yfir 6 mánuði, reiknast sem heilt ár.

4. gr.

Maður, sem gegnt hefur ráðherraembætti skemur en 5 ár samanlagt, á ekki rétt á eftirlaunum samkvæmt lögum þessum, þótt hann hafi greitt iðgjöld í ráðherra-deild lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Hins vegar á hann rétt á að fá endurgreidd úr sjóðnum, svo sem ákveðið er um aðra sjóðfélaga í gildandi lögum um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, iðgjöld þau, sem hann hefur greitt, þegar hann lætur af ráðherrastörfum og önnur skilyrði fyrir eftirlaunagreiðslu eru fyrir hendi.

5. gr.

Maki fyrrverandi ráðherra, sem öðlazzt hefur rétt til eftirlauna samkvæmt lögum þessum, á rétt á að fá 60% — sextíu af hundraði — af eftirlaunum maka síns, að honum látnum. Sé maki fyrrverandi ráðherra á lífi, þegar lög þessi öðlazzt gildi, á hann sama rétt til lífeyris og hann hefði öðlazzt, ef maki hans hefði þá verið á lífi.

6. gr.

Nú andast ráðherra eða fyrrverandi ráðherra, sem öðlazzt hefur rétt til eftirlauna samkvæmt 3. gr. laga þessara, áður en hann nær 65 ára aldri, og á þá maki hans, ef á lífi er, rétt til þess hundraðshluta af eftirlaunum hins látna, sem 5. gr. laga þessara segir til um.

7. gr.

Lífeyrir samkvæmt lögum þessum greiðist án tillits til lífeyris, sem sjóðfélagi á rétt á úr öðrum deildum lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og öðrum lögboðnum lífeyrissjóðum, og hefur ekki áhrif á slík lífeyrisréttindi.

8. gr.

Halli, sem verða kann á lífeyrissjóði ráðherra, ef iðgjöld í sjóðinn endast ekki til greiðslu eftirlauna samkvæmt lögum þessum, greiðist úr ríkissjóði.

9. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 30. gr. laga nr. 92/1955, um laun starfsmanna ríkisins, svo og öll önnur lagaákvæði, sem fara í bága við lög þessi.

10. gr.

Lög þessi öðlazzt þegar gildi.

Greinargerð.

Um 1. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er gert ráð fyrir, að ráðherra greiði iðgjöld í sérstaka deild lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Skulu ráðherrar greiða í sjóðinn 4% af ráðherralaunum sínum, en ríkissjóður 6% sem mótframlag af mánaðarlega greiddum launum til ráðherra. Ákvæði um eftirlaun ráðherra er nú að finna í 30. gr. laga nr. 92/1955, um laun starfsmanna ríkisins, en þau lög hafa nú að mestu verið numin úr gildi með lögum nr. 55/1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Í 30. gr. áður nefndra laga er hins vegar ekki gert ráð fyrir, að eftirlaunagreiðslur til fyrrverandi ráðherra eða maka þeirra byggist á neinum iðgjaldagreiðslum þeirra, enda ekki um neinn lífeyrissjóð að ræða samkvæmt þeirri lagagrein, heldur gengið út frá því, að eftirlaunagreiðslur til ráðherra og maka þeirra séu inntar af hendi beint úr ríkissjóði. Ráðherrar eru starfsmenn ríkisins, og eru laun þeirra miðuð við ákveðinn launaflokk, sem opinberir starfsmenn taka laun eftir, þótt ekki sé þeirra getið í þeim flokki. Hækka og lækka laun þeirra eftir sömu reglum og laun annarra starfsmanna ríkisins. Þykir því eðlilegt, að ráðherrar greiði iðgjöld í sérstaka deild lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og að þeir njóti sömu réttinda og beri sömu skyldur og aðrir sjóðfélagar, meðan þeir gegna ráðherraembættum, nema annað sé tekið fram.

Um 2. gr.

Hér er kveðið á um, við hvaða aldursmark fyrrverandi ráðherra öðlast rétt til eftirlauna samkvæmt lögum þessum. Er grein þessi efnislega samhljóða 1. málsg. 30. gr. laga nr. 92/1955 að öðru leyti en því, að hér er gert ráð fyrir, að fyrrverandi ráðherra, sem verður öryrki innan 65 ára aldurs, öðlist þar með rétt til eftirlauna úr ráðherradeild lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, ef hann fullnægir annars skilyrðum 3. gr. frumvarps þessa. Sams konar ákvæði um lífeyrisgreiðslur vegna örorku fyrrverandi alþingismanna hefur verið í lögum frá 1953 (lög nr. 84/1953, um þingfararkaup alþingismanna o. fl., 7. gr.). Ákvæðið um örorku er þó skilgreint nánar hér og um það settar nánari reglur.

Um 3. gr.

Í grein þessari felast reglur um greiðslu eftirlauna til fyrrverandi ráðherra, sem náð hafa vissum aldri (65 ára) eða eru öryrkjar, eftir því, hve lengi þeir hafa gegnt ráðherraembættum. Er greinin að nokkru hliðstæð 2. og 1. málsg. 30. gr. laga nr. 92/1955, um laun starfsmanna ríkisins. Gert er þó ráð fyrir því í þessari grein, að maður, sem gegnt hefur ráðherraembætti í a. m. k. 5 ár, öðlist rétt til eftirlauna, í stað þess, að miðað er við a. m. k. 10 ár í 1. málsg. 30. gr. laga nr. 92/1955. Þá er í þessari grein frumvarpsins miðað við 3 mismunandi hundradshluta við öflun eftirlaunaréttar (40%, 60% og allt að 70%) eftir því, hvað hlutaðeigendur hafa gegnt lengi ráðherraembættum, en aðeins einn (50%) í 2. málsg. 30. gr. laga nr. 92/1955. Þá er enn fremur í þessari grein frumvarpsins svo kveðið á, að hundradshluti skuli við greiðslu eftirlauna samkvæmt frumvarpinu miðast við laun ráðherra, eins og þau eru á hverjum tíma, en ekki við meðallaun ráðherra næstu 10 ár á undan því ári, er hlutaðeigandi öðlast eftirlaunarétt, svo sem gert er í 2. málsg. 30. gr. laga nr. 92/1955. Er þetta síðastnefnda ákvæði frumvarpsins í samræmi við ákvæði 12. gr. laga nr. 29/1963, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Skerðingar-ákvæði 2. málsg. 30. gr. laga nr. 92/1955, sem gilda áttu við greiðslu eftirlauna til fyrrverandi ráðherra og maka þeirra, eru felld niður í frumvarpi þessu, enda er slík ákvæði ekki að finna í lögum nr. 84/1953, um þingfararkaup alþingismanna, lífeyrissjóð o. fl., sem frumvarp þetta er að verulegu leyti sniðið eftir.

Um 4. gr.

Grein þessi, sem fjallar um rétt fyrrverandi ráðherra, sem hefur ekki öðlast rétt til eftirlauna samkvæmt ákvæðum frumvarps þessa, til að fá endurgreidd iðgjöld, sem hann hefur innt af hendi til lífeyrissjóðs ráðherra, er hliðstæð 9. gr. laga nr. 84/1953, um þingfararkaup alþingismanna o. fl.

Um 5. gr.

Grein þessi, sem felur í sér ákvæði um lífeyrisgreiðslur til maka fyrrverandi ráðherra, er efnislega samhljóða 3. málsg. 30. gr. laga nr. 92/1955, að öðru en því, að hér eru felld niður skerðingarákvæði umræddrar málsgreinar nefndrar laga-greinar.

Um 6. gr.

Rétt þykir að taka skýrt fram, svo sem gert er í þessari grein, að maki ráðherra eða fyrrverandi ráðherra, sem öðlast hefur eftirlaunarétt samkvæmt frumvarpi þessu, en andast, áður en hann hefur náð 65 ára aldri, eigi rétt á að fá greiddan sama hundradshluta af eftirlaunum hins látna maka síns og orðið hefði, ef hann hefði náð 65 ára aldri. Er grein þessi að vissu marki hliðstæð 4. málsg. 30. gr. laga nr. 92/1955. Þar er þó miðað við vissan hundradshluta af heildarlaunum ráðherra (30%), en í þessari grein er hins vegar miðað við vissan hundradshluta (60%) af þeim eftirlaunum, sem maður hefði unnið sér rétt til með starfi sínu sem ráðherra, ef hann hefði náð 65 ára aldri.

Um 7. gr.

Með þessari grein frumvarpsins á að taka af allan vafa um, að lífeyrir, sem greiddur er samkvæmt ákvæðum frumvarps þessa, skerði á engan hátt lífeyri, sem sjóðfélagar (ráðherrar) hafa unnið sér rétt til úr öðrum deildum lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og öðrum lögboðnum lífeyrissjóðum, né skerði slíkur lífeyrir lífeyrisréttindi ráðherra eða maka þeirra samkvæmt frumvarpi þessu.

Um 8. gr.

Gera má ráð fyrir, að einhver halli kunni að verða á lífeyrissjóði ráðherra, sem stofnaður yrði samkvæmt ákvæðum frumvarps þessa, með því að iðgjöld í sjóðinn entust ekki til greiðslu eftirlauna samkvæmt frumvarpinu. Er hér gert ráð fyrir, að sá halli yrði greiddur úr ríkissjóði.